





## EFNISYFIRLIT

Ávarp stjórnarformanns .....	2
Stjórn og skipurit .....	3
Rekstur 2009 - yfirlit forstjóra .....	4
Lykilstærðir - Hitaveita .....	10
Lykilstærðir - Rafveita .....	13
Lykilstærðir - Vatnsveita .....	16
Viðskiptavinir, gæðavottun o.fl.....	18
Ársreikningur 2009.....	21

## NÚ ÞARF GJALDEYRISSKAPANDI FRAMKVÆMDIR

Með nokkrum sanni má segja að síðasta ár hafi hjá Norðurorku eins og í þjóðfélaginu almennt farið í að aðlagast breyttum veruleika. Eftir gríðarlegt tap í rekstri fyrirtækisins á síðasta ári sem stafaði af falli krónunnar, hefur tekist að snúa rekstrinum við á nýjan leik. Unnið hefur verið markvisst að því að draga úr rekstrar-kostnaði með hagræðingu í rekstri og endurskipulagningu á fjármálum félagsins. Skuldir Norðurorku eru enn miklar og að langstærstum hluta í erlendri mynt og fyrirtækið er því viðkvæmt fyrir öllum gengisbreytingum. Þrátt fyrir hrunið sem varð haustið 2008 og gríðarlegt tap Norðurorku af þeim sökum það ár, er vaxta-kostnaður hér á landi enn svo hár, að það er talsverður hagnaður af því fyrir Norðurorku á árinu 2009 að skuldir fyrirtækisins eru að stærstum hluta í erlendum langtímalánum.

Rekstur fyrirtækisins gekk vel á síðasta ári, þó umsvif á sviði nýframkvæmda hafi eðlilega verið nokkru minni en árin þar á undan. Tekin var ákvörðun um að endurmeta vanmetnar eignir Norðurorku, sem bætir eiginfjárstöðu fyrirtækisins verulega. Norðurorka er þannig vel í stakk búin til að veita bæði fyrirtækjum og íbúum á starfssvæði sínu góða og tryggja þjónustu.

Á árinu var lokið við endurbyggingu mannvirkja Fallorku í Djúpadal og eru nú báðar virkjanirnar komnar með full afköst. Kostnaður við endurgerð stíflunnar fór talsvert fram úr áætlun, en hönnuðir töldu að nýja stíflan þyrfti að vera mun rammgerðari en sú sem fyrir var með tilliti til þeirra stórflóða sem í ána geta komið.

Endanleg niðurstaða er nú loks komin í það mál að Viðlagatryggingu beri að bæta það tjón sem varð í Djúpadal í desember 2006, en í stað þess að ganga strax til samninga um bætur hefur stjórn Viðlagatryggingar neitað að greiða bætur og þess í stað kært forsvarsmenn Fallorku til lögreglu. Er sá málatilbúnaður stjórn þessa ríkistryggingafélags til verulegrar minnkunar. Um sl. áramót var endanlega gengið frá fullum aðskilnaði milli Norðurorku hf. og dótturfélagsins Fallorku ehf., en þá var Fallorku ehf. ráðinn nýr framkvæmdastjóri og kosin ný stjórn sem nú er án allra stjórnunarlegra tengsla við Norðurorku. Þeim fylgja góðar óskir í þeirra vandasömu störfum. Áfram var unnið að framkvæmdum á vegum Þeistareykja ehf., bæði við rannsóknir og gerð sameiginlegs umhverfismats. Ákvörðun stjórnvalda um sameiginlegt umhverfismat á svæðinu öllu, þó ekki hafi verið gengið frá sölu orkunnar til ákveðins aðila, er óskiljanleg og hefur haft í för með sér bæði miklar tafir og verulegan viðbótarkostnað.

Það er skoðun stjórnar Norðurorku að nú sé verkefni það sem félagið tók að sér í samvinnu við Orkuveitu Húsavíkur, Þingeyjarsveit og síðar Landsvirkjun um orkurannsóknir á Þeistareykjun komið það langt að rétt sé að staldra við. Því var ákveðið að kanna möguleika á sölu hlutar Norðurorku í Þeistareykjum ehf. Saga Capital var ráðið til að annast um verðmat og sölu og eftir vandlega skoðun á þeim möguleikum sem í boði voru, var samið við Landsvirkjun um kaup hennar á hlutum Norðurorku hf. í félaginu.

Í haust var spennavirki Norak formlega afhent til rekstrar og þá um leið hafin vinnsla í verksmiðju Becromal í Krossanesi. eru miklar væntingar bundnar við þá starfsemi sem þar er að hefjast.

Stöðugt rekstrarumhverfi er forsenda fyrir öflugum atvinnurekstri og um leið forsenda þess að hægt verði að tryggja jafnan og stöðugan hagvöxt og aukna verðmætasköpun í landinu. Skynsamleg nýting á náttúruauðindum þjóðarinnar er lykillinn að endurreisninni, því brýnasta verkefnið nú er að skapa hér ný og verðmæt störf í framleiðslu, þjónustu, verðmætasköpun og gjaldeyrisöflun. Það eru nú þegar hátt í 15.000 manns atvinnulausir og það er óviðunandi í okkar

samfélagi. Þar til viðbótar þarf að tryggja því fólki sem bætast mun við á vinnu-markaðinum á næstu árum vinnu, en árleg viðbót vinnufúsra handa er um 2.000 manns. Á starfssvæði Norðurorku þýðir þetta að til viðbótar því að tryggja þeim 900 sem nú eru atvinnulausir vinnu þá bætast við 100 á hverju ári.

Stöðugleikasáttmálinn kveður skýrt á um að ríkisstjórnin muni vinna markvisst að því að greiða götu stórframkvæmda í landinu. Því miður verður að segja eins og er að í stað þess að ýta undir framkvæmdir, hefur hver steinninn á fætur öðrum verið lagður í götu slíkra fjárfestingakosta.

Allar vangaveltur um nýsköpun og eflingu sprotafyrirtækja eru góðra gjalda verðar, en því miður mun sú starfsemi ekki leysa núverandi vanda. Góð hugmynd og vel útfærð þarf í nær öllum tilfellum áratug eða jafnvel áratugi til að ná flugi, geta skapað fjölda starfa og skila eigendum sínum arði.

En við eigum sem betur fer aðra kosti sem nú verður að nýta. Við erum svo lánsöm að eiga enn ónýttar auðlindir sem strax á að hefjast handa við að virkja. Vinna við virkjun auðlindanna og uppbyggingu þeirra mannvirkja sem koma til með að nýta orkuna mun strax kalla á fjölda fólks til starfa og það skapar svigrúm til að vinna áfram á öðrum sviðum að aukinni fjölbreytni atvinnulífsins.

Norðurorka hefur á undanförunum árum lagt talsvert fé til orkurannsóknna og aukinnar orkunýtingar og mun áfram leggja sitt af mörkum til eflingar atvinnulífs á starfssvæði félagsins.

Frá síðasta aðalfundi hefur stjórn Norðurorku haldið 12 fundi, þar sem málefni félagsins og ekki síður málefni hlutdeildarféлага hafa verið til umræðu. Fyrir hönd stjórnarinnar þakka ég stjórnendum og öllu starfsfólki Norðurorku hf. fyrir gott og árangursríkt starf á liðnu ári. Ég vil einnig þakka hluthöfum, viðskiptavinum og samstarfsaðilum öllum góð samskipti og samstarf á árinu. Þá vil ég að endingu þakka Franz Árnasyni forstjóra og meðstjórnendum mínum ánægjulegt samstarf.



Ásgeir Magnússon formaður

*Ásgeir Magnússon*



STJÓRN OG SKIPURIT



Stjórn Norðurorku


STJÓRN

Stjórn Norðurorku hf. 2009 er þannig skipuð:

Ásgeir Magnússon formaður  
 Bjarni Jónasson varaformaður  
 Kristín Sigfúsdóttir ritari  
 Hákon Hákonarson meðstjórnandi  
 Anna Þóra Baldursdóttir meðstjórnandi

**Varastjórn skipa:** Hermann Jón Tómasson  
 Sigurður Hermannsson  
 Baldvin Esra Einarsson  
 Gerður Jónsdóttir  
 Birgir Björn Svavarsson

SKIPURIT



## STARFSEMI NORÐURORKU HF. Á ÁRINU 2009

## HELSTU ATRIÐI

Árið 2009 einkenndist af samdrætti í framkvæmdum þar sem húsbyggingar og gatnagerð voru mun minni en árin á undan. Þetta kom auðvitað ekki á óvart eftir þau áföll er dundu á þjóðinni í október 2008. Eins og fram kom í ársskýrslu fyrir árið 2008 var spáð að framkvæmdir yrðu verulega minni á árinu 2009 og þegar í upphafi ársins var því gripið til aðgerða til að mæta fjárfislegum samdrætti. Í þessu samhengi verður að hafa í huga að verulegum hluta nýframkvæmda undanfarinna ára hefur verið úthýst til verktaka, en starfsmenn Norðurorku hf. á hinn bóginn séð um endurnýjunar- og viðhaldsverkefni. Síðastnefnd verkefni aukast jafnt og þétt bæði sökum þess að dreifikerfum Norðurorku hf. hefur fjölgað og þau stækkað verulega undanfarin ár, jafnframt því sem þau eldast að sjálfsögðu einnig. Þessi atriði, þ.e. útvistun verkefna á þenslutímum í stað fjölgunar starfsfólks og aukin endurnýjunar- og viðhaldsþörf, gera það að verkum að ekki hefur þurft að segja upp starfsfólki þrátt fyrir verulegan samdrátt. Í ljósi fjárfislegs samdráttar, einkum í nýframkvæmdum, var nauðsynlegt að lækka rekstrarkostnað. Stjórn fyrirtækisins setti stjórnendum það markmið að lækka kostnað á árinu 2009. Til að ná því markmiði var fastr yfirvinnu sagt upp hjá þeim starfsmönnum sem hana höfðu og kjör annarra einnig skert. Tekjur þeirra sem hæstar tekjur höfðu voru skertar hlutfallslega mest. Þá var einnig ákveðið að halda kaupum á þjónustu í lágmarki. Starfsmannavelta hjá Norðurorku var eins og áður mjög lítil sem er einn af styrkleikum fyrirtækisins. Á árinu 2009 hættu tveir starfsmenn störfum og eru þeim þökkuð heilladrjúg störf fyrir Norðurorku hf. Engir nýir starfsmenn hófu störf á árinu. Afkoma fyrirtækisins er viðunandi en vegna veikingar krónunnar og almennra kostnaðarhækkana er nauðsynlegt að láta ýmsa liði verðskrár hækka til samræmis við breytingar á vísitölu. En þrátt fyrir þessar kollsteypur var ákveðið í fjárhagsáætlun ársins 2010 að halda sumum liðum verðskrár óbreyttum og hækka aðra mun minna en sem nemur verðlagsþróun. Þetta hefur verið gerlegt þar sem þær ráðstafanir sem gripið var til í sparnaðar- og hagræðingarskyni á liðnu ári hafa skilað tilætluðum árangri.

Aðalfundur Norðurorku hf. var haldinn 18. mars 2009 og var hann með hefðbundnu sniði. Fulltrúar allra hluthafa mættu til fundarins en hluthafar eru Akureyrarbær, Arnarneshreppur, Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppur, Svalbarðsstrandahreppur og



Franz Arnason forstjóri

Þingeyjarsveit. Á aðalfundinum var kjörin stjórn fyrirtækisins og er hún óbreytt frá fyrra ári. Formaður er Ásgeir Magnússon, varaformaður Bjarni Jónasson, ritari Kristín Sigfúsdóttir og meðstjórnendur Anna Þóra Baldursdóttir og Hákon Hákonarson. Í varastjórn sitja Baldvin Esra Einarsson, Birgir Björn Svavarsson, Gerður Jónsdóttir, Hermann Jón Tómasson og Sigurður Hermannsson.

Í árslok var að vanda haldið Málþing Norðurorku hf. þar sem þrjár fyrirlesarar fluttu mjög fróðleg erindi sem hægt er að kynna sér á heimasíðu fyrirtækisins, [www.no.is](http://www.no.is). Á málþinginu var eins og undanfarin ár úthlutað styrkjum til menningar- og menntamála vegna ársins 2010. Styrkþegar eru ellefu og voru fulltrúar þeirra mættir á málþingið til að veita styrkjum viðtöku. Heildarupphæð styrkja ársins 2010 er um 20% lægri en var á árinu 2009.

Hápunktur málþingsins fyrir Norðurorku hf. og starfsmenn þess var þegar Kjartan J. Kárasón hjá Vottun hf. færði fyrirtækinu skjal til staðfestingar því að fyrirtækið starfrækir vottað gæðakerfi samkvæmt ÍST EN ISO 9001 gæðastjórnunarstaðlinum. Norðurorka hf. er fertugasta og áttunda fyrirtækið á landinu til að fá slíka vottun og það þriðja hér á Akureyri.



Dælustöð, Skjaldarvík

Unnið hefur verið að því að fá vottað gæðakerfi samkvæmt ÍST EN ISO 9001 gæðastjórnunarstaðlinum um nokkurra ára skeið. Þegar Hita- og vatnsveita Akureyrar og Rafveita Akureyrar voru sameinaðar árið 2000 höfðu bæði fyrirtækin unnið að uppsetningu gæðakerfa. Hjá Hita- og vatnsveitu var þegar komið fullgilt öryggis- og gæðakerfi fyrir vatnsveitu svokallað GÁMES kerfi og hjá rafveitu öryggisstjórnunarkerfi rafveitna. Eftir sameininguna var að mörgu að hyggja og var gæðavottunin sett í biðstöðu til ársins 2003 þegar vinna hófst við að koma á sameiginlegu gæðakerfi fyrir Norðurorku hf. Komið var á fót gæðaráði innan fyrirtækisins og gerður samningur við Harald Hjaltason verkfræðing um ráðgjöf og aðstoð við uppbyggingu kerfisins og undirbúning að vottunarferlinu. Hefur hann verið ráðgjafi Norðurorku hf. í gæðamálum síðan. Fyrstu árin leiddu Áslaug Magnúsdóttir og Agnar Árnason verkefnið en síðustu árin hafa Gunnur Ýr Stefánsdóttir og Baldur Dýrfjörð unnið að verkefninu. Öllum þessum aðilum er þakkað þeirra framlag. Það sama á við um starfsmenn fyrirtækisins sem allir hafa komið að málum og koma til með að láta kerfið virka um ókomin ár.

Spyrja má hvaða tilgangi vottað gæðakerfi þjóni hjá fyrirtæki eins og Norðurorku hf. Því er fyrst til að svara að Norðurorka hf. er stærsti matvælaframleiðandi á Akureyri, veitir um 4,3 milljónum tonna af neysluvatni til viðskiptavina sinna, en vatnið er skilgreint sem matvara lögum samkvæmt. Auk þessa eru stór og öflug drykkjarvöru- og matvælaframleiðandi fyrirtækisins sem þurfa að geta treyst á að birgjar, þar með talin vatnsveitan, standist gæðakröfur. Þá er einnig vaxandi að fyrirtæki geri kröfur til þess að birgjar sem þau skipta við, geti sýnt fram á að þeir starfi samkvæmt vottuðu gæðakerfi sem felur í sér skráða og rekjanlega ferla. Síðast en ekki síst ber að hafa í huga þá grundvallarnálgun sem í gæðakerfum felst, sem er að nýta þau sem tæki í þágu fyrirtækisins og starfsmanna þess, með það að markmiði að öll verk séu vel og skipulega undirbúin og unnin, þar sem forvarnir og öryggi eru lögð til grundvallar og umbætur og lærdómsferli eru virk. Næsta skref verður að öllu óbreyttu að fá vottun samkvæmt umhverfisstjórnunarstaðlinum ÍST EN ISO 14001, en ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvenær farið verður að vinna að þeirri vottun.

Í ársbyrjun var samið við DMM Lausnir ehf. um kaup og innleiðingu á eftirlits- og viðhaldsstjórnunarkerfi fyrir Norðurorku hf. (e. Dynamic Maintenance Management system – skammstafað DMM). Kerfið auðveldar fyrirtækinu utanumhald á ýmsum sviðum, ekki síst varðandi reglubundið eftirlit og fyrirbyggjandi viðhald. Eftirlits- og viðhaldsstjórnunarkerfið er tengt gæðakerfinu, heldur m.a. utan um ýmis skjöl sem varða eftirlit og rekstur. Kerfið er upplýsingakerfi fyrir eftirlit, verkstjórnun, viðhaldsstjórnun og gæðastjórnun og tryggir rekjanleika í verkum er tengjast dreifikerfum fyrirtækisins og þar með kröfur gæðakerfisins þar að lútandi. Skráningu inn í kerfið er ekki að fullu lokið, en þrátt fyrir það er árangur af verkefninu þegar farinn að koma í ljós. Langtímamarkmið Norðurorku hf. með



Fulltrúar styrkþega 2010

innleiðingu kerfisins er að bæta rekstur kerfa og minnka hættu á rekstrartruflunum og tjóni af völdum þeirra.

Norðurorka hf. á aðild að nokkrum félagasamtökum og má segja að Samorka, samtök orku- og veitufyrirtækja, sé þeirra mikilvægust. Samorka starfar á fjórum fagsviðum, þ.e. hitaveitna, raforkufyrirtækja, vatnsveitna og fráveitna. Samorka er aðili að Samtökum atvinnulífsins. Starfsemi Samorku hefur farið vaxandi og verkefnum fjölgað á liðnum árum. Sem dæmi má taka kynningarmál orkuframleiðenda, samskipti við stjórnvöld og aðra vegna sameiginlegra hagsmuna, námskeiðahald, fundi fagsviða og heildarsamtakanna. Samorka er þátttakandi í Norðurlandasamstarfi orku- og veitufyrirtækja. Forstjóri Norðurorku hf. er formaður Samorku og var einnig formaður Nordvarme, norrænu hitaveitusamtakanna, þar til í janúar 2010.

Auk dótturfyrirtækisins Fallorku ehf. sem er að fullu í eigu Norðurorku hf. og hlutdeildarfélaganna Tengis ehf. og NORAK ehf., á Norðurorka hlut í Hrafnabjargavirkjun hf., Íslenskri orku ehf., Orkey ehf., Netorku hf. og Þekkingarverði ehf.

Virkjanir Fallorku ehf. framleiða nú á fullum afköstum að nýju eftir mikið og kostnaðarsamt uppbyggingarstarf undanfarin þrjú ár. Enn er deilt um bætur úr Viðlagatryggingu vegna þess tjóns sem hamfaralóðin í desember 2006 ollu á Djúpadalsvirkjunum. Miklu máli skiptir að réttmætar bætur fái st og óskiljanlegt að Viðlagatrygging skuli ekki vilja bæta tjón Fallorku ehf. á sama hátt og tryggingin gerði gagnvart lítilli virkjun í Ólafsfirði við sambærilegar aðstæður. Niðurstaða stjórnar Viðlagatryggingar sem synjaði bótaskyldu var kærð til úrskurðarnefndar Viðlagatryggingar Íslands og er úrskurðar að vænta í upphafi ársins 2010.

Raforkusala Fallorku ehf. breyttist lítið á liðnu ári. Fallorka ehf. á nokkuð undir högg að sækja vegna þess hversu lítill hluti heildarsölnunnar kemur frá eigin raforkuframleiðslu miðað við hin orkusöluvirkjækkin.

Í samræmi við ákvæði raforkulaga hefur verið unnið að fullum aðskilnaði milli Fallorku ehf. og Norðurorku hf. og síðasti áfangi á þeirri leið var að í stjórn félagsins tækju sæti aðilar sem ekki hafa bein tengsl við Norðurorku hf. eins og verið hefur. Á hluthafafundi þann 15. desember sl. var því kjörin ný stjórn Fallorku ehf. og úr stjórn stigu formaður og varaformaður stjórnar Norðurorku hf. og tveir deildarstjórnar Norðurorku hf. Þar sitja nú aðilar sem ekki hafa beina tengingu við Norðurorku hf. Auk þessa var á fundinum staðfest ráðning nýs framkvæmdastjóra sem hóf störf 1. janúar 2010. Afkoma Fallorku ehf. á árinu 2009 var neikvæð um krónur 20,7 milljónir og gætur þess í ársreikningi móðurfélagsins Norðurorku hf. sem er samstæðu-reikningur félaganna.



Hjá Tengi ehf. voru framkvæmdir með hefðbundnu sniði. Haldið var áfram að tengja nýja viðskiptavinum við ljósleiðaranet fyrirtækisins á Akureyri og annars staðar í Eyjafirði. Einnig var unnið að styrkingu ljósleiðaranetsins og verður þeirri vinnu haldið áfram á næstu árum. Nokkur verkefni voru og unnin fyrir aðra aðila víðsvegar um land á vegum Tengis ehf. Afkoma félagsins var viðunandi og skilaði reksturinn um 20 milljóna króna afgangi sem hefur áhrif á samstæðureikning Norðurorku hf.

NORAK ehf. er að einum þriðja hluta í eigu Norðurorku hf. Byggingu spennistöðvar félagsins í Krossanesi lauk að mestu á vordögum og gat stöðin hafið niðurspenningu raforku fyrir verksmiðju Becromal í Krossanesi, áður en verksmiðjan var tilbúin til að taka við raforku. Tekjur af spennistöðinni hafa komið inn frá síðastliðnum áramótum. Tekjurnar eru ekki háðar notkun Becromal á raforku heldur eru þær föst mánaðarleg leigugreiðsla í Evrum. Gert er ráð fyrir að verksmiðja Becromal Íceland nái fullum afköstum seint á árinu 2010. Afkoma NORAK ehf. var viðunandi og skilaði reksturinn um 3 milljóna króna afgangi sem hefur áhrif á rekstrarniðurstöðu Norðurorku hf. í samstæðureikningi.

Starfsemi Hrafnabjargavirkjunar hf. er nánast engin, sem stafar af því m.a. að iðnaðarráðuneytið hyggst ekki gefa út rannsóknar- eða virkjunarleyfi á stöðum sem enn eru í skoðun í öðrum áfanga rammaáætlunar um virkjun vatnsaflds og jarðvarma, en niðurstöður úr öðrum áfanga Rammaáætlunar áttu að liggja fyrir í árslok 2009. Tillaga hefur komið fram á Alþingi um friðlýsingu vatnasviðs Skjálfandaflljóts ofan Mjóadalsár. Tillagan hefur enn ekki verið samþykkt en ljóst er að það verður á brattann að sækja varðandi Hrafnabjargavirkjun.

Íslensk orka ehf. stóð um margra ára skýrir fyrir rannsóknum á

söndunum í Öxarfirði og hafa í kjölfarið komið fram ýmsar hugmyndir varðandi nýtingu þess jarðhita sem vitað er um í kjölfar þessara rannsókna. Engar ákvarðanir hafa þó verið teknar enn sem komið er. Eins og áður hefur komið fram á þessum vettvangi er raforkuframléiðsla alls ekki útilokuð á vegum Íslenskrar orku ehf. í Öxarfirði þegar fram líða stundir, en þær hugmyndir sem hafa verið til skoðunar á undanförunum árum beinast þó að annars konar nýtingu.

Norðurorka hf. á um 5% hlut í Netorku hf. sem sér um meðferð gagna og útreikninga fyrir raforkufyrirtækin, er eins konar reiknistofa þessara fyrirtækja.

Orkey ehf. sem stofnað var árið 2007, hefur nú hafið framleiðslu eldsneytis (lífdísels) úr hráefni sem fellur til hjá ýmsum innlendum framleiðslufyrirtækjum, svo sem steikingarfeiti, aukaafurðum frá lýsisframleiðslu o.fl. Gert er ráð fyrir a.m.k. 400 tonna ársframleiðslu í framtíðinni og meiru ef hráefni fæst. Einn af strætisvögnum Akureyringa er nú knúinn með blöndu af eldsneyti frá Orkey og venjulegri díselolíu. Á árinu bættist finnskur hluthafi í eigendahópinn.

Þekkingarvörður ehf. á og rekur RES - Orkuskólann á Akureyri. Starfsemi skólans virðist vera að komast í fastar skorður og hafa nemendur frá ýmsum þjóðlöndum stundað þar meistaranám undanfarin ár, auk þess sem rekinn hefur verið sumarskóli. Á brattann er þó að sækja varðandi fjármögnun skólans þar sem áform um að fá fullborgandi nemendur í skólann hafa ekki gengið eftir á þann hátt sem vonast var til.

Hjá Þeistareykjum ehf. voru engar rannsóknir unnar á árinu en unnið var að sameiginlegu umhverfismati með Landsvirkjun, Landsneti og Alcoa. Er það í samræmi við mjög umdeildan úrskurð umhverfisráðherra sem eigendur Þeistareykja ehf. voru ekki sáttir við, enda ekkert sem bendir til þess eins og stendur að Alcoa muni reisa álver á Bakka á næstunni. Allt eins er líklegt að annar orkufrekur iðnaður á Norðausturlandi nýti orkuna frá Þeistareykjum ehf. Vegna þessa og annarra atriða er vandséð hvaða forsendur liggja til grundvallar úrskurði um sameiginlegt mat. Þetta sameiginlega mat hefur tafið verulega fyrir framkvæmdum á svæðinu og valdið miklum aukakostnaði og tjóni.

Þann 30. desember 2009 undirrituðu Norðurorka hf. og Landsvirkjun samning um kaup Landsvirkjunar á 31,791% hlut Norðurorku hf. í Þeistareykjum ehf. Áhrif þessa á rekstur og efnahag Norðurorku kom fram í ársreikningi.



Starfsmenn heiðraðir


**Fjárhagur**

Ársreikningur Norðurorku hf. er samstæðureikningur þar sem áhrif dótturfélagsins koma fram og niðurstöður rekstrarreiknings hlutdeildarfélaganna hafa sömuleiðis áhrif á niðurstöðu rekstrarreiknings. Í lok árs 2008 var eigið fé samstæðunnar nær uppurið eins og fram kom í samstæðureikningi þess árs. Önnur sambærileg fyrirtæki höfðu flest beitt svokallaðri endurmatsaðferð á eignir til að bæta eiginfjárstöðuna, en í sumum lánasamningum er það skilyrði að eigið fé fari ekki niður fyrir tiltekið hlutfall. Í ljósi þessa lét Norðurorka hf. endurmeta eignir og í kjölfarið var gert svokallað virðisrýrnunarpróf. Þetta leiðir til þess að eiginfjárstaða Norðurorku hf. breytist verulega til batnaðar. Auk þess bætast við áhrifin af sölu-samningi um hlut Norðurorku hf. í Þeistareykjum ehf. Að þessum aðgerðum loknum, ásamt verulegri hagræðingu í rekstri, verður fyrirtækið komið með viðunandi eiginfjárstöðu. Vegna gengishruns krónunnar á árinu 2008 hefur verið unnið að endurfjármögnun fyrirtækisins með það í huga að lengja endurgreiðslutíma lána og voru teknar upp viðræður við stærstu lánveitendur fyrirtækisins í þessu skyni. Lokið er samningum við Lánasjóð sveitarfélaga, en viðræður við Norræna fjárfestingarbankann, NIB, hafa hins vegar engu skilað þrátt fyrir níu mánaða viðræður. Þetta er auðvitað óásættanlegt, ekki síst með tilliti til þess að Norðurorka hf. hefur ávallt staðið í fullum skilum við bankann.

Umræðan um erlend lán hefur nær eingöngu verið um neikvæðar hliðar þeirra og þá einkum gengisáhættuna en minna borið á umræðu um jákvæðar hiðar erlendra lántöku. Norðurorka hf. hefur þannig haft gríðarlegan ábata af vaxtamun erlendra og innlendra lána undanfarin ár þótt jafnframt væri ljóst að lánunum fylgdi gengisáhætta. Á hinn bóginn ber að hafa í huga að innlend lán leita til lengri tíma litið jafnvægis við gengisbreytingar og hafa má í huga að verðtryggð innlend lán fyrirtækisins hækkuðu meira en erlend lán á árinu 2009. Vaxtamunur milli erlendra lána og innlendra er hins vegar enn mikill, erlendu lánunum í vil og lánin flest til langs tíma. Hlutfall innlendra lána hefur vaxið, en mikill vaxtamunur gerir það að verkum að ekki er fýsilegt að skuldbreyta úr erlendri mynt í innlenda að sinni.

Breyting á neysluvísitölu milli ára er um 9,7% og gengisáhrif á erlendar skuldir eru um 7,1% frá upphafi til loka árs. Mestu skiptir því á þessu tímabili hvaða vaxtagreiðslur þurfti að greiða af lánunum. Meðalvextir innlendra lána félagsins voru um 6,39%, en 1,81% af erlendum lánunum. Hér er því um að ræða gífurlegan vaxtamun sem nemur um 130 milljónum kr. á árinu. Má segja að þessi vaxtamunur endurspeglir rök íslenskra fyrirtækja fyrir því að sækjast eftir lánunum í erlendum gjaldmiðli. Við ákvarðanir í fjárfestingum og rekstri tóku mörg fyrirtæki mið af ávöxtunarmöguleikum á grundvelli þessa vaxtamunar, en tóku ekki

gengisáhættu inn í útreikning arðsemi og hafa því orðið að gjalda fyrir það. Norðurorku hf. hefur ætíð verið ljós sú áhætta sem fylgir erlendum lántökum, en hins vegar er það ljóst að hefði fyrirtækið fjármagnað framkvæmdir sínar með innlendu lánsfé væri skuldastaða þess verri og gjaldskrá þess á heitu vatni hefði ekki getað lækkað jafn ört og raun ber vitni.




Verulega var dregið úr rekstrarkostnaði á árinu, til að mæta skuldbindingum félagsins og með því komist hjá frekari lántökum og rekstrarhalla. Niðurstöður ársins sýna að þessi markmið í rekstri og tekjuöflun hafa gengið eftir.

Tekjur eru um 11% hærrí en 2008. Rekstrargjöld hafa lækkað milli ára um 15%. Reiknuð áhrif gengisþróunar og verðbreytinga á lán voru gífurleg á árinu 2008. Á árinu eru þessi áhrif líka nokkur, en nú sem hagnaður. Hlutfall erlendra lána er um 77%. Norðurorka hf. leggur kapp á að lækka skuldir sínar til að styrkja félagið og að geta staðið við gerða lánasamninga. Afborganir lána á árinu 2009 voru 386 milljónir króna. Heildarfjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum námu 166 milljónum kr. og endurgreiðsla ríkisins vegna hitaveituf framkvæmda var 78 milljónir króna. Aukin hlutfjárframlög til annarra fyrirtækja námu 83,5 milljónum króna. Minni fjárfestingar hafa leitt til betri veltufjárstöðu, en sýna jafnframt þá kyrrstöðu sem ríkir í framkvæmdum almennt.

Sala á eignarhluta Norðurorku hf. í Þeistareykjum hefur veruleg jákvæð áhrif á rekstrar- og efnahagsreikning félagsins. Jafnframt hefur salan mikil áhrif á greiðslugetu félagsins og þörf fyrir endurfjármögnun skulda minnkar. Eftir endurmat eigna og sölu hlutfjár í Þeistareykjum er eigið fé í árslok 3.605 milljónir króna og eiginfjárlutfall fer úr 2,6% í 37,1%.



Efnahagsreikningar 2007 - 2009 (í þús.kr.)



### Rannsóknir á vegum Norðurorku hf.

Eiginlegar rannsóknir á vegum Norðurorku hf. voru engar á árinu, en unnið var að úrvinnslu gagna frá rannsóknarborunum á Reykjum í Fnjóskadal 2008. Niðurstöðu er að vænta á árinu 2010. Þá hefur verið unnið að því að ljúka ýmsum skýrslum t.d. um vinnslueftirlit og vinnslugetu sem setið hafa á hakanum í þensluástandi síðustu ára.

### Rafveitan

Norðurorka hf. dreifir raforku á Akureyri og er enn sem komið er með ódýrari dreifiveitum. Um rekstur allra rafdreifiveitna hérlendis gildir að löggjafinn heimilar ekki eðlilega arðsemi af þeim eignum sem bundnar eru í rekstrinum. Þetta er engum til góðs og verður til lengri tíma lítið þess valdandi að afhendingaröryggi skerðist. Litlar truflanir urðu á raforkuafhendingu á árinu 2009 og er afhendingaröryggi dreifikerfisins mjög mikið.

Framkvæmdir í dreifikerfi rafmagns voru fremur litlar á árinu. Unnið var að stækkun og breytingum dreifikerfisins eftir þörfum viðskiptavina. Stærsta einstaka framkvæmdin voru breytingar vegna byggingar nýrrar móttökustöðvar MS Akureyri við Súluveg. Einni nýrri dreifistöð var bætt við kerfið, ein var færð, spennir stækkaðar og aðrar meiriháttar breytingar gerðar í tveimur dreifistöðvum. Tengdir voru 100 nýir raforkusólumælur. Þá var að vanda unnið við viðhald dreifistöðva, búnaði breytt og hann í sumum tilfellum endurnýjaður, en þetta er liður í skoðun dreifistöðva sem er viðvarandi verkefni og liður í rekstraröryggi rafdreifikerfisins. Það kann að vera að nokkur ruglingur sé í orðanotkun þar sem orðin spennistöð og dreifistöð eru notuð yfir sama hlutinn. En dreifistöð kallast spennistöð í dreifikerfinu sem spennir niður fyrir viðskiptavini úr 11.000 V spennu í 400 V (380). Slíkar stöðvar eru 106 í rafdreifikerfi Norðurorku hf. Aðalspennistöðvar eru tvær, ein við Þingvallastræti (nefnd A1) og önnur við Urðargil (nefnd A2). Aðalspennistöðvarnar

spenna niður 66.000 V spennu frá spennistöðvum Landsnets á Rangárvöllum í 11.000 V sem er sú spennu sem send er til dreifistöðvanna. Auk þessa á Norðurorka tvær spennistöðvar í rafdreifikerfi fyrirtækisins á Laugalandi og Tjörnum í Eyjafjarðarsveit.

### Vatnsveitan

Dreifikerfi vatnsveitu stækkaði lítið ef miðað er við árin á undan. Vatnsveitan þjónar Akureyri og Hörgárbyggð innan samtengds öflunar- og dreifikerfis. Norðurorka hf. rekur auk þess vatnsveitu í Hrísey, sem ekki er tengd öðrum vatnsveitukerfum. Í Svalbarðsstrandarhreppi og Eyjafjarðarsveit rekur Norðurorka hf. nokkur vatnsveitudreifikerfi og vatnsból. Vatnsöflun er að mestu í mjög góðu horfi. Í ljósi þess að dæla þarf vatni sem tekið er úr lindum frá Vöglum í Hörgárdal, með tilheyrandi raforkukostnaði, væri æskilegt að ná meira vatni úr vatnsbólum í Hlíðarfjalli og á Glerárdal sem eru sjálfrennandi. Áfram var unnið að endurbótum á vatnsveitum í Svalbarðsstrandarhreppi vegna vatnsöflunar og dreifikerfa. Meðal stærri verkefna vatnsveitunnar á árinu voru dreifikerfislagningar við Krossanes fyrir Becromal. Viðskiptavinum vatnsveitunnar fjölgaði um 65 á árinu. Heimlagningar til viðkomandi húsa voru margar hverjar fyrir hendi frá árinu áður.

### Hitaveitan

Óhætt er að segja að fjöldi nýtinga í hitaveitu á árinu 2009 komi verulega á óvart miðað við aðstæður. Skýringin hér er sú sama og í vatnsveitunni þ.e. drjúgur hluti heimagna sem teknar voru í notkun á árinu hafði verið lagður á undangengnu ári. Samtals voru tengdir 106 nýir notendur, þar af voru 60 á Akureyri, 11 í Eyjafjarðarsveit, 5 í Hörgárbyggð og Arnarneshreppi. Þá tengdust þrjár nýir notendur í Ólafsfirði og Reykjaveitu tengdust 27 nýir notendur, þar af 18 í Grýtu-bakkahreppi. Samanlagt flatarmál bygginga sem tengdar voru er um 30.000 fermetrar og um 112.000 rúmmetrar.




Helstu framkvæmdir í dreifikerfinu voru vegna nýbyggingar á lóð MS Akureyri við Súluveg og viðgerðar á heitavatnsgeymi við Súluveg. Í desember hófst bygging dælustöðvar við Skjaldarvík sem auka á flutningsgetu aðveituæðarinnar frá Hjalteyri um allt að 20%.

Mikið var um bilanir í borholudælum (djúpdælum) auk þess sem skipt var um dælur í borholum á Reykjum í Fnjóskadal. Skipt var um sex borholudælur, þar af fjórar vegna bilana en dælur eru í 15 vinnsluholum veitunnar. Dælur í borholum hitaveitu eru á nokkuð mismunandi dýpi og taka dæluskripti að sama skapi mismunandi tíma. Sú dæla sem er dýpst er á um 380 metra dýpi. Flestar eru á 200-250 metra dýpi. Dælur á Hjalteyri og Reykjum eru á 30-60 metra dýpi. Vatn er sjálfrennandi úr vinnsluholu í Hrísey og að hluta til úr báðum vinnsluholum í Ólafsfirði. Á bls. 19 getur að líta dæmi um skýrslu vegna dæluskripta í holu 10 á Laugalandi á Pelamörk.






LYKILSTÆRÐIR - HITAVEITA



LYKILSTÆRÐIR - HITAVEITA

Orkunotkun, orkupörf og orkumáttur hitaveitu Norðurorku hf.






LYKILSTÆRÐIR - HITAVEITA


Almennar upplýsingar	2005	2006	2007	2008	2009
Fjöldi íbúa á hitaveitusvæði	18.663	19.057	22.640	22.963	22.973
Húsveitur	5.754	6.001	6.226	6.386	6.492
Rúmmál húsa tengdra hitaveitu m <sup>3</sup>	4.500.476	4.740.460	4.984.759	5.233.916	5.345.900
Hemlar	130	130	130	130	335
Orkumælur					0
Orkuöflun á jarðhitasvæðum	2005	2006	2007	2008	2009
Fjöldi virkjaðra borhola:					
Með djúpdælu	11	14	14	15	15
Án djúpdælu	2	2	2	2	2
Uppsett afl á jarðhitasvæðum MW	74,5	81	81	81	81
Vatnsmagn tekið úr jarðhitakerfum á árinu m <sup>3</sup>	5.200.000	5.384.481	5.723.029	6.196.472	6.312.228
Meðalvatnshiti á hlotutoppi eða frá hver/laug °C	89	89/60	89/60	89/60	89/60
Aðveituæðar / orkuöflun	2005	2006	2007	2008	2009
Lengd safn- og aðveituæða:					
Stál m	51.869	51.869	52.720	52.720	52.784
Plast m	11.800	11.800	11.800	11.800	11.800
Samtals m	63.669	63.669	64.520	64.520	64.584
Varmadælur:					
Uppsett afl MW	4,4	4,4	4,4	4,4	4,4
Raforkunotkun GWh	2,4	0,07	1,8	0,08	0,137
Oliuketill:					
Uppsett afl MW	12	12	12	12	12
Oliunotkun á ári lítrar	0	0	0	0	0
Dreifikerfi og dælustöðvar	2005	2006	2007	2008	2009
Uppsett afl í dreifikerfi (aflgeta) MW	86,5	86,5	93,7	93,7	93,7
Hámarksálag inn á dreifikerfi á árinu MW	58,7	66,6	70,0	72,9	81,9
Vatnsmagn inn á dreifikerfi á árinu m <sup>3</sup>	6.185.129	6.340.034	6.792.425	7.259.316	7.571.181
Meðalvatnshiti inn á dreifikerfi °C	79	79/60	79/60	79	79
Áætlaður meðalvatnshiti til notenda °C	72	72/58	72/58	72	72
Orkuframleiðsla inn á dreifikerfi á árinu 2 TJ	1.333,5	1.366,9	1.464,4	1.565	1.632
Hlutfall orkuvinnslu:					
Jarðhiti %	98	99,9	99,9	99,9	99,9
Rafmagn %	2	0,1	0,1	0,1	0,1
Olía %	0	0	0	0	0
Fjöldi dælustöðva (ekki djúpdælur)	6	7	7	7	7
Heildarafl dælna (dælust. og djúpdælur) KW	2.875	2.878	2.902	2.902	2.902
Rafmagnsnotkun á dælur MWh	5.357	5.640	5.932	6.115	6.366
Miðlunarrými m <sup>3</sup>	7.500	7.500	7.500	7.500	7.500
Lengd dreifikerfis:					
Stál m	300.000	310.381	371.630	409.987	411.233
Plast m	62.672	75.464	97.582	102.718	105.638
Samtals m	362.672	385.845	469.212	512.705	516.871
Lengd endurnýjaðra lagna á árinu m	682	1.150	946	774	300
Hlutfall dreifikerfis: (lengd)					
Einfalt %	84	85	87	87	87
Tvöfalt %	16	15	13	13	13
Reykjaveita	2005	2006	2007	2008	2009
Fjöldi virkjaðra borhola:					
Með djúpdælu				2	2
Án djúpdælu				0	0
Meðalvatnshiti á hlotutoppi eða frá hver/laug °C				90	90,8
Meðalvatnshiti inn á dreifikerfi °C				90	90,0
Lengd dreifikerfis					
Stál m				58.656	58.994
Plast m				26.295	27.434
Samtals m				84.951	86.428
Vatnsmagn inn á dreifikerfi á ári m <sup>3</sup>				369.919	388.045
Hríseyjarveita	2005	2006	2007	2008	2009
Fjöldi virkjaðra hola					
Með djúpdælu				0	0
Án djúpdælu				1	1
Meðalvatnshiti á hlotutoppi eða frá hver/laug °C				78	79,0
Meðalvatnshiti inn á dreifikerfi °C				78	76,8
Lengd dreifikerfis					
Stál m				4.645	4.645
Plast m				1.931	1.931
Samtals m				6.576	6.576
Vatnsmagn inn á dreifikerfi á ári m <sup>3</sup>				141.222	161.754
Ólafsfjarðarveita	2005	2006	2007	2008	2009
Fjöldi virkjaðra hola					
Með djúpdælu				2	2
Án djúpdælu				1	1
Meðalvatnshiti á hlotutoppi eða frá hver/laug °C				57/67	57/67
Meðalvatnshiti inn á dreifikerfi °C				60,9	60,9
Lengd dreifikerfis					
Stál m				24.344	24.317
Plast m				11	38
Samtals m				24.355	24.355
Vatnsmagn inn á dreifikerfi á ári m <sup>3</sup>				1.317.441	1.241.100

LYKILSTÆRÐIR - RAFVEITA


Raforkudreifing 2009



Þróun raforkudreifingar 1992 - 2009




Saga raforkudreifingar 1923 - 2009



LYKILSTÆRÐIR - RAFVEITA

Afltoppar forgangsorku 2009 MWh



Raforkudreifing og -flutningur - Glerárvirkjun og Djúpadalsvirkjun tengjast beint inn á dreifikerfið

MWh	Landsnet		Virkjanir		Heild samtals MWh	Forgangsafl MW
	Forgangsorka	Ótrygg orka	Glerárvirkjun	Djúpadalsvirkjun		
JAN	10.502	1.639	100	1.075	13.316	21,0
FEB	9.557	1.679	72	762	12.069	20,4
MAR	9.707	1.741	79	944	12.470	19,4
APR	7.817	1.641	84	1.097	10.639	17,1
MAÍ	6.047	1.657	179	1.890	9.774	14,5
JÚN	5.592	1.607	172	1.778	9.150	13,9
JÚL	5.881	1.561	137	1.821	9.400	14,9
ÁGÚ	6.192	1.415	212	1.878	9.698	13,9
SEP	6.692	1.581	186	1.881	10.339	14,8
OKT	8.020	1.650	174	1.914	11.758	15,9
NÓV	8.857	1.614	163	1.684	12.319	19,8
DES	10.829	1.557	90	1.463	13.939	21,0
<b>Summa</b>	<b>95.695</b>	<b>19.340</b>	<b>1.648</b>	<b>18.188</b>	<b>134.872</b>	

LYKILSTÆRÐIR - RAFVEITA


Almennar upplýsingar	Einingar	2005	2006	2007	2008	2009
Fjöldi íbúa á veitusvæði	fjöldi	16.736	16.822	17.253	17.522	17.563
<b>Dreifikerfið</b>	<b>Einingar</b>	<b>2005</b>	<b>2006</b>	<b>2007</b>	<b>2008</b>	<b>2009</b>
Aðveitustöðvar	fjöldi	2	2	2	2	2
uppsett spennaafll	MVA	82	82	82	82	82
Dreifistöðvar á jörðu	fjöldi	102	102	100	100	101
uppsett spennaafll	MVA	57	63	65,66	66,96	65,70
Dreifistöðvar í stólpum	fjöldi	3	4	4	4	4
uppsett spennaafll	MVA	0,18	0,23	0,23	0,23	0,23
Tengiskápar	fjöldi	888	932	978	985	983
Sölumælur	fjöldi	8.450	8.792	9.020	9.175	9.221
Heimtaugar -25 - 63 A	fjöldi	3.345	3.490	3.603	3.649	3.664
Heimtaugar - 100 - 315 A	fjöldi	349	365	387	395	398
Heimtaugar - >400 A	fjöldi	68	74	74	79	82
33 - 66 kV jarðstrengir	km	4,8	4,8	4,8	4,8	4,8
6 - 11 kV jarðstrengir	km	124,3	106,2	107,8	108,7	110,3
230/400 V jarðstrengir	km	411,4	432,7	450,9	462	468,3
6 - 11 kV loftlínur	km	2,7	2,7	2,7	2,7	2,7
230/400 V loftlínur	km	3,6	4,7	4,3	4,3	4,3
<b>Raforkudreifing</b>	<b>Einingar</b>	<b>2005</b>	<b>2006</b>	<b>2007</b>	<b>2008</b>	<b>2009</b>
Varaafll	MVA/MW	1,132/0,8	1,132/0,8	1,132/0,8	1,132/0,9	1,132/0,9
Raforkuflutningur til dreifiv.	MWh	144.602	140.628	137.778	137.645	134.872
Eigin raforkuvinnsla	MWh	779	1.624	1.976	1.495	1.648
Forgangsorka - mesta afl	MW	20,79	22,33	21,80	22,1	21,0
Forgangsorka dreifing	MWh	107.350	111.062	114.069	117.150	115.532
Raforkudreifing	MWh	136.590	131.723	127.367	127.749	128.219
þar af til heimila	MWh	30.785	31.971	33.665	35.275	36.204
til iónaðar	MWh	54.820	49.577	43.163	39.073	38.636
til þjónustu	MWh	44.439	43.301	45.920	47.769	47.870
annað	MWh	6.546	6.875	4.620	5.632	5.509
Raforkudreifing á hvern íbúa	kwh	8.161	7.830	7.382	7.856	7.327
<b>Götulýsing</b>	<b>Einingar</b>	<b>2005</b>	<b>2006</b>	<b>2007</b>	<b>2008</b>	<b>2009</b>
Götuljósastólpar	fjöldi	4.700	4639	4347	4427	4450
<b>Glerárvirkjun</b>	<b>Afl kW</b>	<b>280</b>	<b>280</b>	<b>301</b>	<b>303</b>	<b>303</b>
Framleiðsla	MWh	779	1.624	1.976	1.492	1.648






LYKILSTÆRÐIR - VATNSVEITA

Kaldavatsnsöflun 2009




Kaldavatsnsöflun, þróun 1995 - 2009




